

KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

30.5.2024 21:39

1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með hnappnum Bæta við kæranda. Ef fleiri koma að kærðu þarf umboð frá meðkærendum ef kærðan er ekki meðfylgjandi undirrituð skriflega af öllum aðilum.

Fullt nafn	Sergiy Okhremchuk
Kennitala	
Heimilisfang	Suðurgata 15
Póstnúmer	101
Staður	Reykjavín
Sími	
Netfang	

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Upplýsingum um félagafjölda. Samþykktum félagsins. Nýjustu ársskýrslu. Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

2. Umboðsmaður kæranda/kærenda ef við á

Fullt nafn	
Kennitala	
Heimilisfang	
Póstnúmer	
Sími	
Netfang	
Umboð	

3. Kæruefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almennings eða önnur afgangiðsla stjórnvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista

Efni kærunnar	Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um að veita starfsleyfi fyrir Tjarnarbíó, þrátt fyrir ítrekaðar kvartanir um hávaðamengun. Ákvörðunin var tekin á 26 Mars 2014, Sjá viðhengi
Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun	Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
Dagsetning ákvörðunar	26.03.2014
	Dagsetning ákvörðunar á ekki við
Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar)	

4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tiltekna framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögmæti kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista

Við krefjumst varanlegrar lausnar á vandamálinu með hávaðamengun þar sem núverandi lausn með hljóðdeyfi er auðveldlega sniðgengin og krefst persónulegrar íhlutunar stjórnenda í hvert sinn. Einnig hefur tíðni hávaðaatvika aukist verulega, kvartanir hafa borist á eftirfarandi dögum:

febrúar 2024 kl. 22:49

febrúar 2024 kl. 20:10
apríl 2024 kl. 20:18
apríl 2024 kl. 21:58
maí 2024 kl. 21:53
maí 2024 kl. 22:53
maí 2024 kl. 18:49

Einnig viljum við spyrja hvort byggingaraðskilnaður hafi verið framkvæmdur í samræmi við allar reglur og hvort grunnurinn undir neðsta steypu plötuna hafi verið aðskilinn eins og krafist er.

5. Hagsmunir kæranda/kæranda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kæranda?

Hin kærða ákvörðun, sem er veiting starfsleyfis fyrir Tjarnarbíó þrátt fyrir ítrekaðar kvartanir um hávaðamengun, hefur haft veruleg og neikvæð áhrif á hagsmuni kæranda. Nánar tiltekið hafa áhrifin verið eftirfarandi:

Áhrif á lífsgæði:

Hávaðamengun frá Tjarnarbíó hefur valdið kærendum verulegum óþægindum og röskun á lífsgæðum þeirra. Hávaðinn truflar daglegt líf, svefn og hvíld, sem leiðir til streitu og minnkaðrar vellíðunar.
Heilbrigðisáhrif:

Langvarandi hávaðamengun getur haft skaðleg áhrif á heilsu kæranda, þar á meðal aukið hættu á hjarta- og æðasjúkdómum, svefntruflunum og öðrum heilsufarsvandamálum tengdum hávaða.
Efnahagsleg áhrif:

Hávaðamengun getur leitt til lækunar á fasteignaverði í nærliggjandi íbúðarhverfi vegna minnkandi aðdráttarafis og aukinna líkur á að hugsanlegir kaupendur forðist svæðið.
Réttindi til friðhelgi einkalífs:

Hávaðamengun skerðir friðhelgi einkalífs kæranda, þar sem stöðugur hávaði frá Tjarnarbíó truflar einkalíf og persónulega rými þeirra.
Samfélagsleg áhrif:

Við krefjumst því að úrskurðarnefndin kanni málið ítarlega og beiti viðeigandi úrræðum til að tryggja lausn á þessum vanda.

6. Kærufrestur

Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9.
Fylgiskjalalista

26/03/2014

7. Rökstuðningur fyrir kæru

1. Brot á skilyrðum í starfsleyfi

Kærendur telja að Tjarnarbíó hafi ekki farið eftir skilyrðum í útgefnu starfsleyfi varðandi hávaðamengun. Samkvæmt reglugerð nr. 724/2008 ber að gæta sérstaklega að því að koma í veg fyrir að ríkjandi lágtiðnihljóð berist frá samkomustöðum. Ítrekaðar kvartanir frá íbúum Suðurgötu 15 benda til þess að þessi skilyrði séu ekki uppfyllt. Heilbrigðisefirlit Reykjavíkur hefur ekki gripið til viðeigandi aðgerða til að tryggja að Tjarnarbíó uppfylli þessi skilyrði.

2. Veruleg áhrif á lífsgæði og heilsu

Hávaðamengun hefur valdið íbúum Suðurgötu 15 verulegum óþægindum og skerðingu á lífsgæðum. Langvarandi hávaðamengun getur haft skaðleg áhrif á heilsu, þar á meðal aukna hættu á hjarta- og æðasjúkdómum og svefntruflunum. Samkvæmt heilbrigðisráðuneytinu getur hávaðamengun valdið bæði líkamlegum og andlegum heilsufarsvandamálum.

3. Skortur á varanlegri lausn

Núverandi lausn með hljóðdeyfi hefur reynst ófullnægjandi þar sem hún er auðveldlega sniðgengin og krefst persónulegrar íhlutunar stjórnenda í hvert sinn. Auk þess hefur tíðni hávaðaátvika aukist verulega, sem sýnt er fram á með kvörtunum sem hafa borist á eftirfarandi dögum: 22. febrúar 2024 kl. 22:49, 27. febrúar 2024 kl. 20:10, 17. apríl 2024 kl. 20:18, 30. apríl 2024 kl. 21:58, 3. maí 2024 kl. 21:53, 4. maí 2024 kl. 22:53, og 23. maí 2024 kl. 18:49

4. Spurningar um lögmæti byggingaraðskilnaðar

Einnig viljum við spyrja hvort byggingaraðskilnaður hafi verið framkvæmdur í samræmi við allar reglur og hvort grunnurinn undir neðsta steypu plötuna hafi verið aðskilinn eins og krafist er.

8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?

Nei

9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kærur er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Bann við tónleikahaldi aflétt
Númer skjals:	1
Fylgiskjal	Tjarnarbi#o#.pdf

9. Fylgiskjalalisti²

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kærur er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Skyrlsa Verlis
Númer skjals:	2
Fylgiskjal	Gudmundsson_BNAM14.pdf



Reykjavík, 14. júní 2024

Tilvísun: 2024060005

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) í málinu nr. 59/2024. Stjórnarsýslukæra þar sem kærð er ákvörðun HER um að veita Tjarnarbíó starfsleyfi.

Með tölvupósti dags. 30. maí 2024, framsendi Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála kæru í máli nr. 59/2024 til HER. Óskaði nefndin eftir því að fá í hendur gögn er málið varða og var HER jafnframt gefið kostur á að skila umsögn í málinu, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Veittur var 14 daga frestur.

1. Fylgiskjöl

1. *Starfsleyfi Tjarnarbíó, dags 8. mars 2011.*
2. *Bréf HER, dags. 20. desember 2011 – Bann við tónleikahaldi og öðrum hávaðasömum viðburðum*
3. *Gildandi starfsleyfi Tjarnarbíó, útgefið 27. febrúar 2018.*

2. Málavextir

Tjarnarbíó var veitt starfsleyfi þann 8. mars 2011 (Fylgiskjal 1). Starfsleyfið var bundið skilyrðum, nánar tiltekið banni við tónleikahaldi og öðrum hávaðasömum viðburðum í Tjarnarbíó, sbr. bréf HER frá 20. desember 2011. (Fylgiskjal 2)

Reglubundið eftirlit fór fram 17. mars 2014, þar sem sérstaklega var athugað með hávaðamál frá starfseminni og hljóðmælingar framkvæmdar í tveimur íbúðum. Niðurstöður mælinga voru að hljóðstig var undir mörkum reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða frá atvinnustarfsemi. Í kjölfarið, nánar tiltekið með bréfi til Tjarnarbíó dags. þann 26. mars 2014, var ákvörðun HER um ofangreint bann aflétt. Tekið var fram sem skilyrði ákvörðunar að: „[s]taðurinn skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 724/2008, þar með talin viðmiðunarmörk fyrir samkomustaði og gæta sérstaklega að því að koma í veg fyrir að ríkjandi lágtíðnihljóð berist frá staðnum.“ Bréf þetta var fylgigagn í kæru, og er vísað til þess.

Þann 27. febrúar 2018 var nýtt starfsleyfi gefið út fyrir Tjarnarbíó, til að starfsrækja leikhús, samkomusali og kaffihús, með sölu á innpökkuðum matvælum, súpu og brauðmeti. (Fylgiskjal 3)

3. Kröfugerð

Kröfugerð kæranda er útlistuð í kæru. Þar má ætla að kærð sé ákvörðun HER um að veita Tjarnarbíó starfsleyfi og aflétta þeim takmörkunum sem fylgdu, nánar tiltekið ákvörðun HER sem tilkynnt er í bréfi til Tjarnarbíó dags. 26. mars 2014. Að auki tiltekur kærandi að krafist sé „varanlegrar lausnar á vandamálinu með hávaðamengun[....]“



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fer fram á að kæru verði vísað frá þar sem kærufrestur er liðinn, enda talsverður tími liðinn frá þeirri ákvörðun sem hér liggur til grundvallar.

Ef kæra kæranda er tekin til efnismeðferðar óskar HER eftir því að fá að leggja fram viðbótargögn, sé þess þörf.

4. Samantekt, málsástæður og lagarök

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála er kærufrestur til úrskurðarnefndarinnar einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra í máli þessu barst nefndinni 30. maí 2024, og verður ráðið að kæranda mátti vera kunnugt um ákvörðunina frá þeim tíma er banni var aflétt og starfsleyfið útgefið. Er því kærufrestur liðinn og krefst HER frávísunar á þeim grundvelli.

5. Áskilnaður

Taki nefndin málið til skoðunar á grundvelli annarra málsástæðna en fram koma í kæru og í umsögn þessari, er þess óskað að HER verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Harpa Fönn Sigurjónsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa stjórnslu og gæða



Árið 2024, föstudaginn 21. júní, tók Ómar Stefánsson, varaformaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fyrir með heimild í 3. mgr. 3. gr., sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 130/2011:

Mál nr. 59/2024, kæra á ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 26. mars 2014 um að aflétta banni við tónleikahaldi í Tjarnarbíói og ákvörðun eftirlitsins frá 27. febrúar 2018 um að gefa út starfsleyfi til að starfrækja leikhús, samkomusali og kaffihús að Tjarnargötu 12.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, er barst nefndinni 30. maí 2024, kærir Sergiy Okhren, íbúi að Suðurgötu 15, Reykjavík, þá ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 26. mars 2014 að aflétta banni við tónleikahaldi í Tjarnarbíói. Skilja verður málatilbúnað kæranda svo að jafnframt sé kærð sú ákvörðun eftirlitsins frá 27. febrúar 2018 að veita Menningarfélaginu Tjarnarbíói starfsleyfi til að starfrækja leikhús, samkomusali og kaffihús að Tjarnargötu 12. Krefst kærandi „varanlegrar lausnar á vandamálinu með hávaðamengun“.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur 14. júní 2024.

Málsatvik og rök: Hinn 8. mars 2011 veitti Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur Menningarfélaginu Tjarnarbíói starfsleyfi til reksturs leikhúss að Tjarnargötu 12. Með bréfi heilbrigðiseftirlitsins, dags. 20. desember s.á., var lagt bann við tónleikahaldi og öðrum hávaðasömum viðburðum í Tjarnarbíói eftir að hljóðmælingar í nærliggjandi íbúðum sýndu að hávaði frá staðnum reyndist yfir viðmiðunarmörkum. Umræddu banni var síðar aflétt með bréfi heilbrigðiseftirlitsins, dags. 26. mars 2014, eftir að gerðar voru úrbætur á hljóðeinangrun staðarins og hljóðstig í íbúðum mældist undir viðmiðunarmörkum. Í bréfinu var jafnframt kveðið á um að leyfishafi skyldi fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Starfsleyfi Tjarnarbíós sem nú er í gildi var gefið út af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur 27. febrúar 2018 og heimilar það rekstur leikhúss, samkomusals og kaffihúss.

Kærandi telur að skilyrðum starfsleyfisins er varði hávaðamengun hafi ekki verið fullnægt og að sú mengun hafi valdið íbúum að Suðurgötu 15 verulegum óþægindum og skerðingu á lífsgæðum auk þess sem hún brjóti gegn friðhelgi einkalífs þeirra. Lausn leyfishafa með notkun hljóðdeyfis hafi reynt ófullnægjandi, en hún sé auðveldlega sniðgengin og krefjist persónulegrar íhlutunar stjórnenda í hvert sinn. Fjöldi kvartana hafi borist vegna hávaða frá Tjarnarbíói. Leyfishafi hafi ekki farið eftir skilyrðum útgefins starfsleyfis, en samkvæmt reglugerð nr. 724/2008 beri að gæta sérstaklega að því að koma í veg fyrir að lágtíðnihljóð berist frá samkomustöðum.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur tekur fram að niðurstöður mælinga, sem gerðar hafi verið árið 2014 við reglubundið eftirlit, hafi sýnt fram á að hljóðstig væri undir mörkum reglugerðar nr.

724/2008 um hávaða og hafi því ákvörðun eftirlitsins frá 20. desember 2011 um bann við tónleikahaldi og öðrum hávaðasömum viðburðum í Tjarnarbíói verið aflétt. Þá sé bent á að talsverður tími sé liðinn frá þeim ákvörðunum sem kæran lúti að og kærufrestur skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sé liðinn.

Leyfishafi bendir á að sá búnaður sem settur hafi verið upp árið 2014 og ætlaður sé til takmörkunar á hljóðkerfi Tjarnarbíós sé enn til staðar og sé virkur. Bent sé á að hljóðstyrkur sé reglulega mældur með búnaði í formi smáforrits en leyfishafi telji þörf á að kaupa áreiðanlegri mæli svo mælingar standist kröfur um áreiðanleika. Hömlur séu á hljóðkerfi og eigi búnaðurinn að framfylgja hömlum á tilteknu lágtíðnisviði þó ekki sé hægt að útiloka að lágtíðni slæðist inn á hamlað tíðnisvið á viðburðum sem notist við stöðuga lágtíðni. Þegar litið sé til þeirra viðburða sem kvartað hafi verið yfir sé erfitt að festa fingur á það hvað það sé sem trufla kæranda annað en búseta í nálægð við lifandi miðstöð sviðslista. Því sé mótmælt að notkun umrædds hömlunarbúnaðar sé háður aðkomu tæknifólks eða annara og að nokkuð sé gert til þess að komast hjá notkun hans.

Niðurstaða: Hið umdeilda starfsleyfi var gefið út í febrúar 2018 og var ákvörðunin kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá mars 2014 um að aflétta banni við tónleikahaldi í Tjarnarbíói var þá sömuleiðis kæranleg til nefndarinnar samkvæmt lögnum.

Kærufrestur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um kæranlega ákvörðun, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kæran barst rúmlega sex árum eftir að núgildandi starfsleyfi var gefið út og rúmlega 10 árum frá því að ákvörðun þess efnis að banni við tónleikahaldi í Tjarnarbíói yrði aflétt. Kæran er því of seint fram komin og verður vísað frá nefndinni í samræmi við 28. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 þar sem fram kemur að kæru skuli vísa frá berist hún að liðnum kærufresti og að henni skuli ekki sinnt ef meira en ár er liðið frá því að ákvörðun var tilkynnt aðila.

Rétt þykir að benda á að telji kærandi að hávaði frá umræddri starfsemi sé yfir heimiluðum mörkum við fasteign hans samkvæmt reglugerð nr. 724/2008 um hávaða er eftir atvikum unnt að leita atbeina Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til að fá úr því skorið.

Úrskurðarorð:

Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Ómar Stefánsson (sign)